O R G U N L A Ðl S
Stofnuö 1925 34. tbl. 30. seplember 1995 — 70. árg.

Mótunarár Kjarvals

óhannes S. Kjarval er í augum flestra íslendinga
fyrst og fremst landslagsmálari og höfundur ótal
unaðslegra Þingvallamynda. En nafn hans tengist
líka tign og fegurð Snæfellsjökuls og Dyrfjalla
og svo hefur verið sagt, að hann hafi verið málar-

Á Kjarvalsstöðum
stendur nú yfir sýning á
elztu verkum Jóhannesar

S. Kjarvals og fram til
1930. Jafnframt hefur

verið gefin út bók með
listfræðilegri úttekt og
heimildum um líf og list
Kjarvals á þessum tíma.

inn sem kenndi landsmönnum að sjá fegurð-
ina í hrauni og mosa.
Samt er það svo að fyrstu áratugina á lista-
mannsferli sínum - á mótunarárunum - var
Jóhannes Kjarval einn um það meðal frum-
herja okkar í myndlist á fyrstu áratugum
aldarinnar að vinna úr allskonar myndefnum
öðrum en landslagi- og í margvíslegum stíl-
tegundum. Ekki svo að skilja að landslag
hafi ekki fangað hug hans einnig; með því
elzta sem eftir hann liggur er mynd af Dyr-
fjöllunum hans kæru, Þórðarhöfða og Kálfs-
hamarsvík. Á unglingsárunum eru það þó
skip framar öðru sem eiga huga hans, en
sú tilhneiging að gægjast handan við veru-
leikann og inn í heim fantasíunnar, kemur
þó fljótlega í Ijós.

Þessa merkilegu þróun ungs listamanns
má sjá á athyglisverðri sýningu um mótun-
arár Kjarvals, sem nú stendur yfír í austur-
sal Kjarvalsstaða. Sýningarstjórinn, Kristín
G. Guðnadóttir listfræðingur, skilgreinir

mótunarár Kjarvals frá því hann byrjar alvar-
lega að sinna köllun sinni skömmu eftir alda-
mótin og fram til 1930. Að sjálfsögðu koma
margar myndanna kunnuglega fyrir sjónir
og hafa verið sýndar áður; sumar t.d. á Kjarv-
alsmyndasýningu úr eigu hjónanna Grethe
og Ragnars Ásgeirssonar á sama stað árið
1981.

En hversvegna er miðað við árið 1930?
Það er vegna þess að um það leyti, eða
kannski 1929, má segja að Jóhannes Kjarval
gerist landslagsmálari og fer þá að mála
meðal annars landslagið á Þingvöllum, sem
síðan átti eftir að verða honum óendanleg
náma.

Á sýningunni kemur gesturinn fyrst að æsku-
verkum meistarans og þau gefa varla hug-
mynd um þá yfirburða hæfileika, sem síðar
komu í ljós. Þarna birtist okkur m.a. merin
Illa-Rauðka, máluð með vatnslitum, blýants-
teikning af skipi úr Flensborg, sjálfsmynd
máluð á tunnubotn og vatnslitamynd af haf-
ís, sem alþingismönnum þótti full græn, þeg-
ar listspíran sótti um námsstyrk og fékk
neitun. Við sjáum síðan ýmsar stúdíur Kjarv-
als frá mánuðunum í London haustið 1911
og framá voru 1912. Enda þótt hann kæm-
ist ekki inn í Konunglega listaskólann, hefur
Lundúnatíminn orðið honum drjúgur; hann
hefur kynnzt þar þeim Turner og Blake, sem

áttu eftir að hafa áhrif á hann og hann átti
þar góðar samvistir við Einar Jónsson mynd-
höggvara.

LONDON ER MERKI-

LEGUR BÆR...

Síðar, í ritinu Brjef frá London og meira
grjót, kemst hann svo skemmtilega að orði
um borgina: „London er merkilegur bær, -
jeg held London ha.fi verið til frá alda öðli
og eilífðardögum - ogjeg held það sje álfa-
fólk, sem hjer býr.- Hjer eru öll hús úr steini
og öll lokuð en þegar þau opnast og maður
er kominn inn, þá er fullt af fólki - og svo
einstaklega almennilegt - og svo er svo bjart
inni, alt fullt af birtu og ljósi, - alt er hjer
líkast því sem talað er um í þjóðsögunum
og huldufólkssögunum - nema reglulegra -
og virkilegra.- Hjer er alt eins og enginn
hafi búið það til, - það er svo mikil skðpun
í öllu hjer, og alt er eins og það hafi altaf
verið í lagi."

Kannski má segja að mótunarárin hefjist
fyrir alvöru þegar náminu lýkur frá dönsku
Akademíunni 1916. Það er eftirminnilegt
að sjá á sýningunni einmitt þann þáttinn,
sem þá tekur við. Kristín telur að ekki hafi

ISLENZKIR lista-
mena við skilnings-
tréð. Olíumyndfrá
árinu 1918 með
margslungna og
ekki augljósa merk-
ingu. Þetta skiln-
ingstré erþó lík-
iega ekkiþað bibl-
íulega, heldurAsk-
uryggdrasils og
riddararnir sjö.

EXPANOTISK art-

ifisjón aflandslagi.
Sambland afab-
strakt geómetríu og
kúbisma frá árinu
1929. Jafnframtfór
Kjarval það sama
ár að mála sínar
þekktu Þingvalla-
myndir.

í-